



# Dalapósturinn

1. tölublað, 6. árgangur  
janúar 2013

---

## Íbúagátt

Á vef Dalabyggðar, dalabyggd.is geta íbúar séð alla reikninga sem sveitarfélagið sendir út. Innskráning er með veflykli ríkisskattstjóra eða með rafrænu skilríki á debetkorti.

## Sælingsdalslaug

Sælingsdalslaug er opin þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 17-20. Auk þess er sérstaklega opið fyrir eldri borgara kl. 15:30-17 á þriðjudögum.

Auk þess verður opið þrjá laugardaga í mánuði kl. 11:30-13. Í febrúar daganna 2., 9. og 23. og í mars 2., 9. og 23.

## Íþróttahúsið á Laugum

Badmintonæfingar eru þriðjudaga kl. 15:45–17:00 og badmintontrimm fimmtudaga kl. 17:30. Bændabolti er þriðjudaga kl. 19:30 og miðvikudaga kl. 19:15.

Hálftíma fyrir lokun er hætt að selja inn. Gestir eru beðnir að yfirgefa íþróttamiðstöð 15 mínútum eftir lokun

---

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

---

# Fasteignagjöld 2013

## Innheimta

Fasteignagjöldin verða innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka. Reikningana er hægt að skoða á íbúagátt. Gjaldendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Fjöldi gjalddaga er almennt 6. Sá fyrsti 5. febrúar og sá síðasti 5. júlí. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einungis einn gjalddagi, 5. apríl.

Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd í síðasta lagi 15. febrúar.

Nánari upplýsingar um staðgreiðsluafslátt, bankarreikning og innheimtu veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir bókari í síma 430 4700 kl. 9-13. Einnig má senda fyrirspurn á netfangið [ingibjorgjo@dalir.is](mailto:ingibjorgjo@dalir.is).

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

## Álagning

Álagningarseðla fasteignagjalda má nálgast rafrænt (pdf-skjöl) á þjónustusíðu opinberra aðila [www.island.is](http://www.island.is). Íbúar 67 ára og eldri fá þá senda í pósti og einnig þeir sem þess óska sérstaklega.

Aðgangur að [Island.is](http://Island.is) er kennitala viðkomandi og aðalveflykill ríkisskattstjóra eða rafræn skilríki. Nánari upplýsingar og aðstoð má fá á skrifstofu Dalabyggðar kl. 10-14, í síma 430 4700 kl. 9-13 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is).

Álagður fasteignaskattur er

- a) 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna.
- b) 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis.
- c) 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða.

Lóðaleiga

- a) íbúðarhúsnæðis er 1,70% af fasteignamati lóðar.
- b) atvinnuhúsnæði er 2,00% af fasteignamati lóðar.

Afsláttur ellilífeyrisþega og öryrkja

Ellilífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu. Afslátturinn er tekjutengdur (Skattframtal 2012, tekjur 2011).

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Einstaklingar		Hjón / sambýlisfólk	
Tekjur allt að	Afsláttur	Tekjur allt að	Afsláttur
2.102.000 kr	100%	3.468.300 kr	100%
2.312.200 kr	75%	3.815.130 kr	75%
2.522.400 kr	50%	4.161.960 kr	50%
2.732.600 kr	25%	4.508.790 kr	25%

---

## Tökum ábyrgð – segjum frá

---

Við höfum flest fylgst með mikilli umræðu í fjölmiðlum undanfarið um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þar hefur meðal annars mikið verið talað um þöggun og meðvirkni af hálfu umhverfisins, það að gera ekkert í málunum. Veruleikinn er sá að kynferðisbrot gagnvart börnum eru framin af allskyns fólki og alls staðar á landinu, líka hérna hjá okkur. Kynferðisbrot eru framin mikið nær okkur öllum en við helst viljum vita af.

Ef við viljum draga lærdóm af þessari umræðu þá er mikilvægt að við horfum í eigin barm og sjáum hvað við getum gert. Það er mikilvægt að passa upp á börnin okkar og það er líka mikilvægt að segja frá.

Mikilvægasta reglan þegar einhver hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi er að segja frá - bæði er það byrjunin á því að þolandi ofbeldisins geti lært að lifa við það sem hefur gerst, þannig að það hafi sem minnst skaðandi áhrif á líf viðkomandi og kæra til lögreglu er byrjunin á að stöðva þann sem framdi ofbeldið í að halda því áfram gagnvart öðrum börnum.

Það er ekki síður mikilvægt að taka á gömlum kynferðisbrotum – segja frá til að þolandinn fái aðstoð og tilkynna málið til lögreglu til að stöðva áframhaldandi brot.

Frekari upplýsingar og leiðbeiningar er hægt að fá hjá:

Stígamót - sími 562 6868

Drekaflóð - sími 551 5511

Hjálparsími Rauða krossins - sími 1717

Lögreglan - sími 112

Starfsmenn barnaverndarnefndar

Borgarfjarðar og Dala - sími 433 7100

Með góðri kveðju  
Starfsmenn Barnaverndarnefndar  
Borgarfjarðar og Dala

## Fjárhagsáætlun 2013-2016

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2013-2016 var samþykkt við síðari umræðu á fundi sveitarstjórnar 13. desember 2012.

Gert er ráð fyrir að rekstarniðurstaða verði jákvæð öll árin sem áætlunin nær yfir og að hlutfall skulda af árstekjum lækki úr u.þ.b. 74% fyrir árið 2012 í um 65% fyrir árið 2016.

Fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll útsvars (14,48%), fasteignaskatts og lóðarleigu verði óbreytt frá fyrra ári sem og álagningarhlutföll í gjaldskrár fyrir holræsagjald (0,19%) og vatnsgjald (0,32%). Þjónustugjöld hækka almennt sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu og tekjumörk vegna afsláttá elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti hækka sem nemur hækkun launavísitölu.

Gert er ráð fyrir að tekjur ársins 2013 verði um 5% hærri en áætlaðar tekjur ársins 2012 en heildargjöld um 4% hærri.

Gert er ráð fyrir auknum framlögum til æskulýðs- og íþróttamála og til atvinnumála.

Gert er ráð fyrir aðhaldsaðgerðir á Silfurtúni fari að skila árangri og að rekstrarhalli verði innan við 5 millj. kr. Vonast er til að Velferðarráðuneytið komi til móts við óskir Dalabyggðar um framlög til að brúa þennan halla.

Gert er ráð fyrir að rekstur A-hluta með eignasjóði verði jákvæður um 6 millj. kr. á árinu 2013 og afgangur á rekstri samstæðu verði um 2,5 millj. kr.

Veltufé frá rekstri verður um 40 millj. kr. og afborganir langtímalána um 31 millj. kr. Gert er ráð fyrir nýjum lántökum sem nemur 20 millj. kr. til framkvæmda. Fjárfestingar nema um 47 millj. kr. og verða helstu framkvæmdir endurbætur á stjórnsýsluhúsi og Dalabúð, viðbygging við leikskóla og endurbætur á sundlaug við Dalabúð. Einnig er gert ráð fyrir endurbótum á fjárréttum og á byggingunum að Laugum svo eitthvað sé nefnt.

Gert er ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar Dalabyggðar í árslok 2013 nemi um 463 millj. kr. eða um 71% af tekjum.

## Söfnun á rúlluplasti 2013

Næstu safnanir á rúlluplasti verða 29.-30. apríl, 22.-23. júlí og 25.-26. nóvember. En söfnun á rúlluplasti verður nú í nóvember, en ekki október eins og undanfarin ár.

Þeir bændur sem þegar eru skráðir þurfa ekki að skrá sig aftur. Nema þeir þurfi gera breytingar á fyrri skráningum um söfnunardaga. Skráning er rafræn á heimasíðu Dalabyggðar.

## Endurvinnslan í Búðardal

Endurvinnslan er opin þriðjudaga kl. 15-18, fimmtudaga kl. 15-18 og laugardaga kl. 11-14.

## Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafnið er opið þriðjudaga kl. 15-19 og fimmtudaga kl. 13-16. Skilakassi bóka er í anddyri stjórnsýsluhússins.

## Fjall Dalanna

Í upphafi árs barst stutt fyrirspurn inn á skrifstofu Dalabyggðar varðandi hvert væri fjall Dalabyggðar. En þar sem aldrei hefur verið tilnefnt fjall Dalanna varð það heldur meira fyrirtæki að svara spurningunni en áætlað var.

Skoðunarkönnun fer því fram meðal Dalanna um hvaða fjall beri að tilnefna fjall Dalanna. Eina skilyrðið er að fjallið sé innan marka sveitarfélagsins Dalabyggðar.

Dalamenn eru hvattir til að taka þátt á vef Dalabyggðar í vali á fjalli Dalabyggðar. Þar skal tilnefna fjall og rökstuðningur (a.m.k. eitt orð) verður að fylgja með hvers vegna viðkomandi fjall skuli vera fjall Dalanna. Ekki er skilyrði að senda inn nafn sendanda.

Þá er bara að setjast niður og velta fyrir sér til hvaða þátta beri að taka tillit til þegar fjall Dalanna er valið.

Er æskilegt að það sé að öllu leiti innan Dalanna eða teljast fjöll á mörkum héraða jafngilt? Hversu gott aðgengi er á fjallið, gangandi, ríðandi eða ökutæki? Hæð fjallsins? Hvort víða sést til fjallsins? Er fjallið auðþekktanlegt tilsynðar? Er nafn fjallsins auðþekktanlegt, t.d. lítil hætta á að það ruglist á við annað fjall með sama nafni? Á fjallið sér einhverja sögu eða tengist það sögu héraðsins? Þarf fjallið að vera "fallegt", en þar getur smekkur fólks verið mismunandi?

Lokafrestur til að tilnefna fjall Dalanna er 31. janúar.